

# 141. Stjórnarfundur Fenúr

**Mætt:** Hafsteinn H. Gunnarsson, Ragna Halldórsdóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Bryndís Skúladóttir, Eiður Guðmundsson, Ingþór Guðmundsson, Már Karlsson.

**Staður og stund:** Símafundur 25. mars 2013, kl. 9:30 – 11:00

## Þetta gerðist

### 1. Undirbúningur aðalfundar.

Stefnt að því að halda aðalfund 11. apríl. Tilboð komið frá Hótel Hafnarfirði. Hafa verið um 30 á aðalfundi og fer uppí um 60 eftir það. Verð hefur verið um 6.000 fyrir Fenúr félag og 8.000 fyrir aðra og 3.000 fyrir námsmenn.

Kjósa þarf formann til eins árs og tvo varamenn. Sitjandi formaður og varamenn bjóða sig aftur fram. Ekkert sæti aðalmanns losnar.

**RH** gerir yfirlit yfir hverjir hafa greitt félagsgjöld vegna atkvæðagreiðslu.

Tillaga um breytingar á samþykktum um atkvæðavægi. **MK** leggur fram tillögu um hvernig þetta megi vera miðað við félagsgjöld. Setja þarf fram texta inni samþykktir félagsins. Þarf að senda tillögu um breytingar á samþykktum 2 vikum fyrir aðalfund.

Efni aðalfundar:

- Starfsemi félagsins, skýrsla stjórnar **HHG**
- Minnst á aðalfund ISWA í Brasilíu 2014 og Vín 2013 ráðstefna sem fylgir.
- Fjárhagsmálin **MK**
- Fundarstjóri frá Hafnarfjarðarbæ **IG**

Efni á ráðstefnu:

- Erindi frá ráðuneyti, lagabreytingar og landsáætlun **BS**
- Erindi frá Hafnarfjarðarbæ um breytingar hjá þeim í sorpmálum **IG**
- Fá kynningu á Hraunavík og heimsókn **IG**
- Heimsókn í álverið og kynning á sorpmálum **BS** (m.a. um skautaendurvinnsla)
- Til vara: Kynning á landgræðsluverkefni **GTÓ**

### 2. ISWA

ISWA kallar eftir National Member Report. **RH** og **HHG** Skoðað fyrir næsta fund.

### 3. Önnur mál.

Bréfsfni FENÚR og tölvupóstar. Tölvupóstar frá Fenúr verði undirritaðir af Fenúr með Fenúr lógói en ekki lógói stjórnarmanns sem sendir póstinn.

Rætt um auglýsingu umhverfiráðuneytis vegna Kuðungsins og ISWA vegna viðurkenningar á kynningarherferð.

Næsti fundur 4. apríl kl. 9:30 hjá Úrvinnslusjóði

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir